

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Jón Geir Pétursson  
Skuggasundi 1  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri 7. september 2016  
UST201603-081/S.R.B.  
11.01

## Efni: Tillögur Umhverfisstofnunar um fyrirkomulag rjúpnaveiða

Umhverfisstofnun hefur kynnt sér stofnmat Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) en samkvæmt því er metinn varpstofn 131.563 fuglar og metinn veiðistofn 453.716 fuglar. Í ljósi þess er veiðiþol rjúpu árið 2016 metið 40.000 fuglar. Tillögur Umhverfisstofnunar miðast við fyrirliggjandi gögn um stofnstærðarmat rjúpu ásamt upplýsingum sem hægt er að lesa úr veiðiskýrslum undanfarinna ára.

Stefna Umhverfisstofnunar er að stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda og undir það fellur nýting og veiði á rjúpnastofninum. Stefnan er í samræmi við framtíðarsýn umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um stjórnun villtra dýrastofna. Grundvallarhugmyndir sem liggja þar að baki eru að sett verði sjálfbærniþmið sem byggja á rannsóknum og vöktun villtra dýrastofna. Með setningu slíkra markmiða verður skilvirk stjórnun og nýting villtra dýrastofna markvissari og fyrirsjáanleikinn meiri. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að áfram verði haft gott samráð við helstu hagsmunaaðila þegar ákvarðanir um sjálfbærniþmið eru teknar varðandi framtíðarskipulag um nýtingu villtra stofna. Stofnunin hefur þegar lagt fram frumhugmyndir varðandi sjálfbærniþmið sem unnar voru í samráði við hagsmunaaðila en þær miðuðu við ákveðinn lágmarksstofn varpfugla (sjá viðauka I). Að mati stofnunarinnar hefur ekkert nýtt komið fram sem hrekur þær hugmyndir þrátt fyrir mikil skekkjumörk í stofnmati NÍ en veiðar hafa verið bannaðar á forsendum matsins hingað til.


Það fyrirkomulag sem við var haft síðastliðin þrjú ár (2013-2015), að vera með fyrirsjáanleika um fyrirkomuleg rjúpnaveiða, hefur gengið vel og telur stofnunin rétt að byggja á þeirri reynslu. Því leggur stofnunin til, í samræmi við frumtillögur sem stofnunin sendi ráðuneytinu þann 8. júlí 2016, að veiðifyrirkomulag rjúpu verði ótímabundið en hægt verði að grípa inn í og takmarka rjúpnaveiðar byggðar á fyrirfram ákveðnum sjálfbærniþmiðum. Þar til nákvæmari upplýsingar liggja fyrir mælir Umhverfisstofnun með að miðað verði við að **varpstofn rjúpu fari ekki undir 90.000 fugla þ.e. að það væri skilgreindur lágmarksstofn/sjálfbærniþmið**. Ef metinn varpstofn rjúpu fer undir þessi mörk þá verði veiðar ekki heimilar það ár og ekki aftur fyrir en metinn varpstofn mælist yfir 100.000 fuglum. Sjá nánari röksemdir í viðauka I. Að mati stofnunarinnar mun þetta skref styðja við þann góða árangur sem náðst hefur með veiðistjórnun undanfarinna ára þar sem verulegar hefur dregið úr heildarveiðiálagi á rjúpnastofninn. Sölubann á rjúpu og hvatningarátak um hófsamar veiðar hefur skilað þessum góða árangri fremur en fækkun veiðidaga líkt og sjá má í greinargerð Umhverfisstofnunar (viðauki I). Telur stofnunin því rétt að fjöldi veiðidaga verði sex þriggja daga helgar, tvær síðustu helgarnar í október og fjórar í nóvember, alls 18 dagar á ári líkt og sjá má í tillögu að breytingu á reglugerð nr. 456/1194 (viðauki II) og gerði NÍ ekki athugasemd við þann dagafjölda í umsögn (viðauki III) um frumtillögur sem sendar voru ráðuneyti. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að áréttu að verði farið í fjölgun

veiðidaga þá verði jafnframt að fara í mjög öfluga kynningarherferð þannig að enginn misskilningur fari af stað um að rjúpnastofninn þoli aukna veiði. Það mætti gera á sambærilegan hátt og síðustu ár með auglýsingum og umfjöllunum um hófsamar veiðar.

Umhverfisstofnun vill tryggja sjálfbærni við veiðar á rjúpu til framtíðar. Mikilvægur þáttur í því er að auka fyrirsjáanleika og auka almenna sátt um veiðistjórnun. Sú nálgun sem stofnunin leggur til núna er mun varfærnari en undanfarin ár þar sem lagt er til bann ef stofninn fer undir sjálfbærni viðmið.

Virðingarfyllt

  
Kristin Linda Árnadóttir  
Forstjóri

  
Bjarni Pálsson  
Teymisstjóri

Fylgiskjöl

- Viðauki I - Greinargerð stofnunarinnar um frumhugmyndir að framtíðarfyrirkomulagi við veiðistjórnun á rjúpu
- Viðauki II - Tillaga að breytingu á reglugerð nr. 456/1994, byggð á frumhugmyndum stofnunarinnar
- Viðauki III – Bréf frá Náttúrufræðistofnun, dags. 2.6.2016

## Viðauki I

### Greinargerð Umhverfisstofnunar

#### Frumhugmyndir um framtíðarfyrirkomulag við veiðistjórnun á rjúpu

Í mars 2016 kallaði Umhverfisstofnun eftir aðkomu Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), SKOTVÍS og Fuglaverndar í vinnuhóp varðandi fyrirkomulag rjúpnaveiða þar sem þriggja ára fyrirkomulagi veiðistjórnunar lauk 2015. Markmið Umhverfisstofnunar var að fá framangreinda aðila til að koma saman og leggja fram sameiginlega sýn á fyrirkomulag rjúpnaveiða til framtíðar með aukinn fyrirsjáanleika að leiðarljósi. Horft var til aðferðafræði, reynslu undanfarinna ára, stofnstærðar- og stofnsveflu síðustu ára, viðmiðs um lágmarks varpstofn og sjálfbærni stofnsins. Mótaðar voru tillögur (sjá hér að neðan) eftir vinnufund og sendar á viðkomandi aðila og óskað eftir athugasemdum. Umhverfisstofnun bærust eingöngu athugasemdir við tillögurnar frá NÍ. Náttúrufræðistofnun óskaði m.a. eftir því að fyrirkomulag verði ekki fastsett fyrr en að loknu mati á veiðipoli í haust. Í ljósi þess sendir Umhverfisstofnun ekki formlegar tillögur heldur frumhugmyndir til ráðuneytis til að það hafi góðan tíma til að meta þær hugmyndir að tilhögun sem ræddar hafa verið.

#### Hugmyndir að fyrirkomulagi rjúpnaveiða

Það fyrirkomulag sem hefur gilt síðustu þrjú ár (2013-2015) hefur mælst mjög vel fyrir og því telur stofnunin, að höfðu samráð við NÍ, Skotvís og Fuglavernd, að rétt sé að byggja á þessu fyrirkomulagi með áherslu á fyrirsjáanleika. Stofnunin telur að næsta skrefið sé að hafa veiðifyrirkomulag á rjúpu ótímabundið en setja fram skýr sjálfbærni viðmið þannig að ljóst sé hvenær stjórnvöld munu grípa inn í og takmarka rjúpnaveiðar.


Umhverfisstofnun telur mikilvægt að leiðarljós í veiðistjórnun sé að veiðar séu sjálfbærar. Sjálfbær veiði byggir á þremur þáttum. Í fyrsta lagi að nytjastofnar séu nýttir í sátt og samlyndi við þegna samfélagsins. Í öðru lagi að halda nytjastofnum sem á að veiða úr í jafnvægi þannig að komandi kynslóðir hafi jafna möguleika til nýtingar á við okkur, það er meðal annars að stofninn standi undir afföllum vegna veiða. Í þriðja lagi að nytjastofn verði nýttur á sem hagkvæmastan máta fyrir samfélagið, með tilliti til náttúruverndar, mengunar, arðsemi, o.fl. Virk veiðistjórnun, sem er auðlindastjórnun, er mikilvæg til þess að tryggja sjálfbærar veiðar þegar til lengri tíma er litið, því ótakmarkaður aðgangur að takmörkuðum nytjastofnum getur auðveldlega leitt til ofveiði og hnignunar þeirra.

Umhverfisstofnun telur því rétt og í samræmi við stefnu umhverfis- og auðlindaráðuneytis, að sett verði ákveðin sjálfbærni viðmið vegna rjúpnaveiða sem leggja grunn að þeim þáttum sem miða að sjálbærri nýtingu stofna líkt og fjallað er um hér að ofan. Grunnforsenda þess að hægt sé að meta slíkt er að setja ákveðin mörk.

Umhverfisstofnun telur að miða megi við að varpstofn rjúpu fari ekki undir 90.000 fugla þ.e. að það væri skilgreindur lágmarksstofn/sjálfbærni viðmið. Ef metinn varpstofn rjúpu fer undir þessi mörk þá verði veiðar ekki heimilar það ár og ekki aftur fyrr en metinn varpstofn mælist yfir 100.000 fuglum.


Þessi hugmynd að tillögu byggir á þeim upplýsingum sem fengist hafa úr áralöngum vöktunum á rjúpu ásamt gögnum sem veiðimenn skila inn til Umhverfisstofnunar. Rökstuðningur fyrir því að miða við 90.000 fugla er mótaður út frá því hvernig stofninn hefur sveiflast og þau viðbrögð þegar stofninn hefur farið undir þessi mörk. Metinn varpstofn rjúpu náði sögulegu lágmarki árin 1993-1994 og fór þá undir 90.000 fugla. Árið 1993 greip þáverandi umhverfisráðherra til þess ráðs að

stytta veiðitíma rjúpu um mánuð. Árin 2001-2003 var önnur lægð hjá stofninum þegar hann fór undir 90.000 fugla og þá voru veiðar bannaðar í tvö ár (mynd 1).



Mynd 1 Metinn varpstofn rjúpu 1981-2015, heimild NÍ.

Bein veiðiafföll hafa haldist nokkuð jöfn eftir að sölubann á rjúpu var sett á árið 2005 og veiðimenn hvattir til hófsamra veiða. Fyrir sölubann voru bein veiðiafföll um 30% af metnum stofni en eftir bann þá eru þau á bilinu 7-12%, sem er verulegur munur (mynd 2).



Mynd 2 Samanburður á beinum veiðiafföllum fyrir og eftir sölubann.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum NÍ þá hafa heildarvetrarafföll lækkað á undanfönum árum en gögnin sýna einnig að sumarafföll hafa aukist á móti, sem þarfnast frekari rannsókna.

### Fjöldi veiðidaga

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist ekki vera samband milli fjölda veiðidaga og beinna veiðiafalla. Einnig gefa gögn úr veiðiskýrslum frá veiðimönnum til kynna að engin tengsl séu á milli fjölda sóknardaga og fjölda leyfilegra veiðidaga. Það sjónarmið sem Umhverfisstofnun horfir til varðandi fjölda leyfilegra daga fyrir utan meginmarkmiðið, þ.e. að viðhalda sjálfbærni stofnins, snúa að öryggi veiðimanna. Þegar leyfilegir veiðidagar eru orðnir fáir telur stofnunin hættu á að

Öryggi veiðimanna verði stefnt í hættu á veiðislóð þar sem miklar líkur eru á að veiðimenn haldi til veiða óháð veðri og aðstæðum. Dæmi eru um að þéttleiki veiðimanna á ákveðnum veiðisvæðum hafi skapað hættu, sérstaklega þegar nokkrir veiðidagar verða ónothæfir sökum veðurs. Umhverfisstofnun vill benda á að um 70-80% veiðimanna veiða á innan við fjórum dögum óháð því hvort leyfilegir veiðidagar eru 9 eða 47. Af gögnum má ráða að veiðimenn veiði eftir að sölubannið tók gildi (2005) að jafnaði 10% veiðistofns óháð leyfilegum veiðidagafjölda. Mjög fáir veiðidagar draga því ekki úr heildarveiðinni þar sem lang flestir veiðimenn fara ekki nema 4 daga til veiða. Við stjórnun veiða, þ.e. trygging sjálfbærra veiða, þá er dagafjöldi sem heimilt er að veiða ekki afgerandi þáttur. Þessi þáttur, dagafjöldi, réttlætir því ekki að horft sé framhjá öryggissjónarmiðum þar sem álag á ákveðin svæði verður umfram það sem skynsamlegt verður að teljast. Veður getur gert það að verkum að gríðarlegur fjöldi veiðimanna haldi til veiða sama daginn þegar örfáir veiðidagar eru leyfilegir.

Sá góði árangur sem náðst hefur með veiðistjórnun undanfarinna ára þar sem veiðar hafa farið úr því að vera 30% veiðistofns í 10% er að mestu sölubanni á rjúpuafurðum og hvatningarátaki um hófsemi að þakka fremur en fækkun veiðidaga. Fjöldi leyfilegra veiðidaga hefur því að mati Umhverfisstofnunar takmörkuð áhrif á heildarveiði. Telur stofnunin því rétt að í framtíðarfyrirkomulagi verði fjöldi leyfilegra veiðidaga 18 á ári. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að áréttu að verði farið í fjölgun veiðidaga þá verði jafnframt að fara í mjög öfluga kynningarherferð þannig að enginn misskilningur fari af stað um að rjúpnastofninn þoli aukna veiði. Það mætti gera á sambærilegan hátt og síðustu ár með auglýsingum og umfjöllunum um hófsamar veiðar.

## Niðurlag

Umhverfisstofnun vill tryggja sjálfbærni við veiðar á rjúpu til framtíðar. Mikilvægur þáttur í því er að auka fyrirsjáanleika og auka almenna sátt um veiðistjórnun. Framangreindar frumhugmyndir stofnunarinnar eru ætlaðar að stuðla að því. Stofnunin tók ákvörðun um að senda ekki inn formlegar tillögur nú að fenginni umsögn NÍ, en telur mikilvægt að upplýsa ráðuneytið um þær tillögur sem verið er að vinna að og á hvaða grunni þær eru byggðar. Gott samráð hefur verið viðhaft við helstu hagsmunaaðila og er það mat stofnunarinnar að nú sé tækifæri til að setja niður skýr sjálfbærni viðmið vegna stofnstærðar rjúpnastofnsins. Stofnunin vill líka benda á að ef rannsóknir í framtíðinni leiða til að endurskoða beri þetta mat þá á að sjálfsögðu að gera það enda á alltaf að byggja á bestu fyrirbyggjandi þekkingu.

Til að gera betur grein fyrir þeim hugmyndum sem stofnunin hefur verið að vinna með sendist jafnframt tillaga að hugsanlegri útfærslu reglugerðar.

## Viðauki II

### Greinargerð vegna reglugerðardragna um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum

Drög að breytingum á reglugerð 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum er ætlað að færa reglugerðina til samræmis við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og hlutverk sem færðust til Umhverfisstofnunar við stofnun hennar. Reglugerðarbreytingin er í grunninn svipuð nógildandi reglugerð, að viðbætti breytingu á fyrirkomulagi rjúpnaveiða.

#### Um 5. gr

Í 2. mgr. 5. gr. er fjallað um undanþágur vegna veiðiaðferða sem umhverfisráðherra getur veitt að fenginni umsögn frá ráðgjafanefnd um villt dýr. Lagt er til að umhverfisráðherra verði breytt í ráðherra og ráðgjafanefnd um villt dýr breytt í Umhverfisstofnun.

#### Um 6. gr

2. mgr. 6. gr. fjallar um leyfisveitingar vegna mynda- og kvikmyndatöku á friðuðum fuglategundum sem umhverfisráðherra getur veitt að fenginni umsögn frá ráðgjafanefnd um villt dýr. Lagt er til að umhverfisráðherra verði breytt í ráðherra og ráðgjafanefnd um villt dýr breytt í Umhverfisstofnun.

#### Um 7. gr

Greinin fjallar um undanþágur á friðunarákvæðum vegna tegunda sem valda tjóni sem umhverfisráðherra getur veitt að fenginni umsögn frá ráðgjafanefnd um villt dýr. Lagt er til að umhverfisráðherra verði breytt í ráðherra og ráðgjafanefnd um villt dýr breytt í Umhverfisstofnun.

#### Um 8. gr.

Greinin fjallar um afléttun á friðun tegunda á ákveðnum tímabilum. Lagðar eru til breytingar á 2. tl. 2. mgr 8. gr. um fjölgun veiðidaga rjúpu úr 12 dögum í 18 daga sem mun gilda ótímabundið. Lagt er til að miða við laugardaga, þegar ákveðið er hvort helgin liggur í október eða nóvember, til að ekki leiki vafi á hvorum mánuðinum helgin tilheyrir ef t.d. laugardagur ber uppá 31. október.

#### Um 9. gr

7. mgr. 9. gr. fjallar um undanþágur til að handsama villta fugla til undaneldis sem umhverfisráðherra getur veitt að fenginni umsögn frá ráðgjafanefnd um villt dýr. Lagt er til að umhverfisráðherra verði breytt í ráðherra og ráðgjafanefnd um villt dýr breytt í Umhverfisstofnun.

**Drög að breytingu á reglugerð nr. 456/1994  
um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum.**

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ráðherra getur að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar veitt tímabundna undanþágu til að nota ofangreindar veiðiaðferðir í vísindaskyni eða ef villtir fuglar valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo:

Mynda- og kvikmyndataka af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrdlum við hreiður þeirra er óheimil nema leyfis Umhverfisstofnunar hafi verið aflað fyrirfram, að fenginni umsögn Náttúrfræðistofnunar Íslands.

3. gr.

1. mgr. 7. gr. orðist svo:

Þar sem talið er að villtir fuglar valdi tjóni einhvern tiltekinn tíma árs eða á svæðum þar sem viðkomandi tegundir eru friðaðar samkvæmt lögum nr. 64/1994 getur ráðherra, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, veitt tímabundið leyfi til veiða í því skyni að koma í veg fyrir tjón. Í leyfi skal skrá nafn og kennitölu leyfishafa, gildistíma leyfis svo og mörk þess svæðis sem leyfið nær til og önnur skilyrði. Leyfishafa ber að skila skýrslu til Umhverfisstofnunar sem fyrst að loknum gildistíma leyfis þar sem fram koma upplýsingar um veiðar og mat á árangri.

4. gr.

7. mgr. 9. gr. orðist svo:

Ráðherra getur veitt undanþágu til þess að handsama villta fugla, svo sem nýklakta æðar- og grágæsarunga, til ræktunar og undaneldis.

5. gr.

5. tl. 2. mgr. 8. gr. orðast svo:

Heimilt er að veiða rjúpu 18 daga á ári,

1. Tvo síðustu laugardagana í október, ásamt aðliggjandi föstudegi og sunnudegi.

2. Fjóra fyrstu laugardagana í nóvember, ásamt aðliggjandi föstudegi og sunnudegi.

Tilkynningar um veiðidaga rjúpu hvers árs skal birta á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Tilkynningar um friðun rjúpu skal birta á heimasíðu Umhverfisstofnunar.

Rjúpnaveiðar eru þó alltaf óheimilar á friðuðu svæði, sbr. 9. gr.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. og 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun,  
Steinar Rafn Beck Baldursson  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Umhverfisstofnun
Áb. <u>SRB</u>
03. júní 2016
<u>11.01</u>
Tilv. <u>VST201603-081</u>

Garðabær, 02. júní 2016  
2016050021/24-1-3-2  
OKN/khs,jgo

### Viðbrögð NÍ við tillögum Umhverfisstofnunar um stjórnun rjúpnaveiða!

Vísað er til tölvupósts Umhverfisstofnunar (Ust) dags. 27. maí 2016 þar sem kynntar eru niðurstöður starfshóps Ust um tilhögun rjúpnaveiða ástamt drögum að reglugerðarbreytingu í tillögum Ust er gert ráð fyrir lengingu rjúpnaveiðitímans úr 12 í 18 daga á ári, ótímabundið, en með þeim varnagla að fari reiknuð stofnstærð niður fyrir 90.000 fugla að vori þá komi til veiðibanns og að rjúpnaveiðar verði ekki heimilaðar aftur fyrr en stofn sé kominn yfir 100.000 fugla að vori. Jafnframt lýsir Ust í tillögunum skilningi sínum á hvað sjálfbærar fuglaveiðar felí í sér. Með tilvísun í þær skilgreiningar eru sett sjálfbærni viðmið um ásættanlega lágmarksstærð varpstofns rjúpnunnar, sbr. þær stofnstærðartölur sem nefndar voru hér að ofan.

Náttúrufræðistofnun (NÍ) gerir að svo komnu máli ekki athugasemdir við þessa lengingu veiðitímans og telur að röksemdarfærslan fyrir slíku, sbr. bréf Ust, sé ásættanleg. Hins vegar eru gerðar athugasemdir við skilgreiningu á lágmarksstofnstærð og hvað sjálfbærar fuglaveiðar séu. Miðað er við stofnstærðina 90.000 fugla að vori sem lágmarksviðmið og fari stofn undir þau mörk þá verði engin rjúpnaveiði haustið á eftir Rétt er að minna á að mikil óvissa er í stofnstærðarmatinu. Stofnmatið er reiknað skv. aðferðum sem Kjartan Magnússon þróaði (sjá bls. 34 í: <http://www.raunvis.hi.is/reports/2004/RH-19-2004.pdf>). Gögnin sem Kjartan notaði eru frá Norðausturlandi (6 talningasvæði) og alhæft út frá þeim fyrir landið allt og það er í sjálfu sér mikil einföldun Verra er þó hversu við öryggismörkin fyrir matið eru, miðað við 90 þúsund fugla varpstofn þá eru neðri vikmörkin 47 þúsund fuglar en efri vikmörkin 1,2 milljónir fugla miðað við 95% öryggi! Það yrði mjög erfitt að rökstyðja allsherjarbann byggt á slíkum viðmiðunum Rétt er að benda á að Erla Sturludóttir og Gunnar Stefánsson hafa unnið áfram að þróa stofnlíkan fyrir rjúpu (sjá: <http://skemman.is/en/item/view/1946/21127>). Þau hafa með því að beita nýjum aðferðum og að nota stærra gagnasafn náð að meta stofnstærð með mun þrengri öryggismörkum en áður. Hins vegar hefur þeim aðferðum aðeins verið beitt á gögn frá Norðausturlandi og stofnstærð í þeim landshluta reiknuð, en ekki verið gerð tilraun til að yfirfæra á landið allt Slíkt er nauðsynlegt næsta skref eigi að vera hægt að miða við einhverja stofnstærð á trúverðugan máta. NÍ gerir alvarlegar athugasemdir við skilgreiningu Ust á hvað því séu sjálfbærar veiðar og sem er ekki í neinu samræmi við viðkenndar skilgreiningar á sjálfbærni veiða þar sem bráðin, stofnstærð hennar og líffræðilegur fjölbreytileiki er í forgrunnj en ekki félagslegir eða efnahagslegir þættir samfélags manna (sjá t.d.: <http://ec.europa.eu/environment/nature/info/pubs/docs/factsheets/hunting.pdf>).

Náttúrufræðistofnun leggur til að fyrirkomulag veiða verði ekki fastsett fyrr en að loknu mati





á veiðipoli rjúpnastofnsins nú í haust. Það mat ætti að vera tilbúið í síðari hluta ágús!  
Jafnframt þarf að ræða þá spurningu hvað sé „ásættanleg staða rjúpnastofnsins“ og þá  
einkum í ljósi þróunar stofnsins á liðnum áratugum, viðbrögðum rjúpnastofnsins friðunarárin  
og árangur veiðistjórnunar frá 2005.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri

